

Markmið Skólasels

Að veita börnunum öruggt, skemmtilegt og umhyggjusamt umhverfi utan hefðbundins skólatíma.

Starfsfólk

Marzenna Kowalska forstöðumaður
Ásthildur Magnea Reynisdóttir
Paola Delfina Felix Pinto
Sigríður Guðný Sigurðardóttir
Magnús Jensen

Klæðnaður

Mikilvægt er að börnin séu klædd í samræmi við veður, og hafa það í huga að á Íslandi getur veður breyst mjög snögglega.

Gott er að vera með aukaföt í sér poka sem geyma má í fatahengi frá mánudegi til föstudags.



Kostnaður

Vistunargjald: 245 kr./klst.
Fæðisgjald: 163 kr./dag.
25 % afsláttur fyrir annað barn
50 % afsláttur fyrir þriðja barn

Sækja verður um vist í Skólaseli á sérstöku eyðublaði sem fæst hjá ritara skólans eða hjá forstöðumanni.

Innheimta gjalda fer fram með greiðsluseðlum sem sendir eru forráðamönnum nemenda.

Skólaselsgjöldin eru greidd fyrirfram og því mikilvægt að tilkynna breytingar á vistun fyrir 20. hvers mánaðar.

Reglur

Samkvæmt skólareglum Grunnskóla Reyðarfjarðar er farið fram á það að nemendur 1.—6. bekkjar komi ekki með snjalltæki í skólann þ.m.t. snjallsíma og snjallúr.

Það er líka mælt til þess að nemendur komi ekki einir á hjóli í skólann fyrr en að vori í 2. bekk. Þangað til komi nemendur á hjólum í fylgd fullorðinna.

Grunnskóli Reyðarfjarðar



Skólasel

Símar Skólasels eru:

869-1247

857-1247

Netfang: **marzenna**@skolar.fjardabyggd.is

Hugrökku  er ekkert ómögulegt



Skólasel

Heilsdagsvistun er í boði fyrir nemendur í 1.- 4. bekk. Þar gefst foreldrum kostur á að lengja viðveru barna sinna í skólanum eftir þörfum hvers og eins.



Allar umsóknir eru skoðaðar af stjórnendum og forstöðumanni og reynt að koma til móts við þarfir barna og foreldra. Allar nánari upplýsingar veitir forstöðumaður Skólasels.

Opnunartími er 13:10-16:20

Dagsskipulag:

13:10 – 13:20

Börnin mæta í selið og fá ávöxt. Þeir sem eru á fótboltaæfingum koma fyrst í selið og láta vita af sér og fara síðan út á æfingu.

13.20 – 14:00

Val/frjáls leikur. Á þessum tíma fá þau að velja á milli stofa og er merkt við.

14:00 - 16:00

Síðdegishressing/ útivist

Síðdegishressing: Boðið er uppá brauð með fjölbreyttu álegg. Áhersla er lögð á að börnin bjargi sér sjálf eins og hægt er og gangi síðan frá eftir sig þegar þau fara frá borðum.

Útivist. Í útivistinni geta þau farið á sparkvöllinn eða verið á leikvöllinum.

16:00 - 16:20

Frjáls leikur í Seli þangað til allir eru sóttir.

**Mikilvægt er að börnin séu með
föt með tilliti til veðurs
og föt til skiptanna.**



Forföll

Ef barnið kemur ekki í skólann t.d. vegna veikinda eða annarra ástæðna eru foreldrar vinsamlegast beðnir um að láta ritara skólans vita í síma **474-1247**, eða forstöðumann í síma Skólasels.

